



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á málþingi um Jón Árnason þjóðsagnasafnara  
Fellsborg, Skagaströnd  
17. ágúst 2019**

Ágætu málþingsgestir.

Ég þakka það ágæta boð að ávarpa ykkur á þessu þarfa þingi. Hér minnumst við Jóns Árnasonar og hans mikla ævistarfs á sviði menningar og fræða. Af mörgu er þar að taka en helst lifir hann þó í huga og minni landsmanna fyrir það þrekvirki að safna með öðrum þjóðsögum og ævintýrum, forða því að þau féllu í gleyskunnar dá. Nú er það hlutverk okkar, sem á eftir komum, að hampa áfram þessum þjóðfræðaarfi, sjá til þess að hann lifi meðal þjóðarinnar, að þeir njóti hans sem það vilja.

Ég hlakka til að fræðast hér frekar um ævi og störf Jóns Árnasonar, heyra frá sérfróðu fólki. Hvernig urðu þessar frásagnir til, hvernig lifðu þær á tungu þjóðarinnar, mann fram af manni, öld fram af öld? Hvers vegna var þeim safnað saman? Hvernig var farið að því?

Já, hvers vegna að segja sögur? Við Íslendingar búum að ríkri munnlegri sagnahefð. Fólk stytta sér stundir á löngum og ljósvakalausum vetrarkvöldum með því að hlýða á sögur og ævintýri, frásagnir af sérkennilegu fólki og atburðum, rímur og annan kveðskap. Þjóðsögurnar og ævintýrin rötuðu hins vegar varla á prent fyrr en okkar maður kom til skjalanna ásamt öðrum frumherjum, ekki síst Magnúsi Grímssyni fyrst um sinn.

Við getum gefið okkur að Jón Árnason hafi hlýtt á guðsorð og annan baðstofulestur á fæðingarstað sínum á Hofi á Skagaströnd og síðar á þeim stöðum sem hann hraktist til með einstæðri móður sinni. Þetta hlaut að hafa áhrif og kemur frekari innblástur svo ekki að utan, með ferskum vindum þjóðernishyggju og rómantíkur, með áherslu á þjóðleg og

alþýðleg verðmæti? Var það ekki breskur fræðimaður, búsettur í Svíþjóð, sem lagði til að hafist yrði handa við söfnun þjóðsagna á Íslandi, og var það ekki í anda hinna þýsku Grimmsbræðra sem lögðu línur í þessum efnum um alla álfuna?

Og efnið, er það ekki alþjóðlegt að mörgu leyti? Enduróma ekki erlendar sagnir og minni í hinum íslensku þjóðsögum? Víst verða þær ekkert endilega betri eða verri við það. Eins víst mun líka vera að þjóðsagnasöfnun Jóns eflði þjóðernisvitund á Íslandi, og gott ef ekki almenna fróðleiksfýsn sömuleiðis. Eflaust megum við þó varast að líta á þjóðsögunar, stíl þeirra og innihald, sem einhvers konar aldarspegil. Þannig hefur því verið haldið fram að fyrirbærið „þjóðsagnastíll“ sé að talsverðu leyti tilbúningur Jóns Árnasonar og annarra skrásetjara og að hann hafi ekki safnað sögum alþýðufólks í sama mæli og frá virðulegum prestum og öðrum fyrimönnum í samfélagi nítjándu aldar. Öll söfnun hlýtur að bera merki safnarans.

Það breytir því þó ekki að sögur og ævintýri lifðu á sinn hátt með þjóðinni. Frægt er að Halldór Laxness kallaði kvöldvökur og lestur á baðstofum „háskóla Íslendinga“. Þangað er gagnlegt að skyggast í ljósi þessa málþings, og þarf þá ekki að leita langt yfir skammt.

Erlendur Guðmundsson fæddist árið 1863 og ólst upp á Mörk í Laxárdal fremri, á mörkum Húnavatnssýslu og Skagafjarðar. Hann flutti síðar vestur um haf og rifjaði í elli upp æskuárin. Guðmundur Jónsson faðir hans var bóndi í almúgastétt, að sögn Erlendar „í betra lagi greindur, ágætur lesari, skrifaði með þeim bestu í hans stétt“. Og móðirin Steinunn Erlendsdóttir hafði yndi af lestri og öllum sögum, þótt að mörgu væri að huga. „Það mætti þykja næsta undarlegt,“ sagði Erlendur í endurminningum sínum,

ef að svona kona hefði getað hugsað um annað en þrældóm og búshyggju – en þó var nú svo. Steinunn var að jöfnum þræði bókhneigð þó daglegt matarstrit yrði að sitja í fyrirrúmi. Hún sagði að það væri „ótukt“ að eiga ekki bækur ... Hún hélt fast fram þeirri reglu að láta lesa allar kvöldsögur og enginn lagði betur eyru við lestrinum en hún, og batt sig ekkert sérstaklega við sögur eða rímur, heldur einnig kennslubækur í ýmsum greinum svo sem mannkynssögu, dýrafræði, landafræði og ljóð eins og Ódysseifskviðu.

Vart þarf að taka fram að þjóðsögur og ævintýri áttu upp á pallborðið á Mörk. Reyndar var því þó fráleitt að heilsa á öllum bæjum.

Ólína Jónasdóttir, fædd 1885, óx úr grasi hjá vandalausum á Kúskerpi í Skagafirði. Ólína varð landskunn skáldkona og sagði svo frá uppvesti sínum:

Tvær hillur voru yfir rúmi húsbóndans, á annarri þeirra voru guðsorðabækurnar, en á hinni sögur og rímur. Ég var látin læra marga af Passíusálmunum, og varð mér það einu sinni á, að ég lét þá á sögubókahilluna. Þótti þetta hin versta óhæfa, og bættist drjúgum á syndabyrði mína.

Á vetrum voru lesnar sögur og kveðnar rímur, var það góð skemmtun. Íslendingasögur, riddarasögur og Noregskonungasögur voru dáðar af öllum nema húsmóðurinni, henni var meinilla við þær og sagði, að þær ættu ekki að vera lesnar á kristnu heimili, þjóðsögurnar fyrirbauð hún að lesa, sagði, að af þeim stafaði óhamingja.

Húsmóðirin birtist hér í frekar ófagurri mynd, siðavönd og ströng, jafnvel ofstækisfull í hörku sinni. Hér er þó að ýmsu að hyggja, ekki satt? Ef við gerum Erlend á Mörk og foreldra hans að fulltrúum hinna upplýstu og fróðleiksfúsu rekumst við fljótlega á vegg. Gamall að aldri í Vesturheimi mundi hann enn hvernig frásagnir af draugum og forynjum greiptust í huga hans; grípum aftur niður í rit hans:

Hvað áhrifum af þessum kynjasögum viku við þá voru þau, hvað mig snerti, nær því að gjöra mig trylltan og var slíkt ástand meðal unglunga mjög almennt. Ég þorði hvergi að vera þar sem skugga bar á, jafnvel um hádag. ... Þætti mér trúlegt að fólk á mesta drauga- og hjátrúartímabilinu hefði orðið brjáláð beinlínis af áhrifum þessara sagna.

Já, vart verður um það deilt að þjóðsögurnar eru mergjaðar, margar hverjar. Ýmsar eiga rætur sínar í Skagafirði; aldurtíli Reynistaðarbræðra og Miklabæjar-Solveigar, drambsemi Galdra Lofts á Hólum. Færri sögur tengjast Húnavatnssýslum þótt ekki vanti hér söguvið og margir á þessum slóðum hafi lagt drjúgan skerf til íslenskrar menningar í aldanna rás. En kannski þurfti ekki skáldskap hér. Kannski var það svo, eins og einn kunningi drap á við mig, að í upphafi nítjándu aldar logaði héraðið í sakamálum sem dugðu til að svala sagnafýsninni; „Húnvetningar þurftu ekki ímyndunaraflið til að hræða hver annan.“

Nú er öldin önnur. Fólk er hér friðsamt og óáleitið, baðstofuloft heyra fortíðinni til, kvöldvökur sömuleiðis og hvað með þjóðsögurnar?

Man þær nokkur og kann á okkar dögum? Eiga þær kannski ekki erindi lengur – á nýrri öld, með nýrri afþreyingu, nýjum þörfum og nýjum kröfum?

Þjóðsögurnar lifa ennþá. Á því er enginn vafi:

Tunglið hægt um himin líður,  
dauður maður hesti ríður,  
Garún.

Í einu besta og vinsælasta popplagi síðustu áratuga gerði Magnús Eiríksson sér mat úr þjóðsögunni um djáknann á Myrká. Í sama forðabúr leitaði Magnús Þór Sigmundsson: „Í gömlum sögnum segir svo frá, er álfar bjuggu mönnum hjá.“ – „Minningar lifa sögunum í,“ söng hann áfram, og fyrir tæpum tveimur áratugum stofnuðu fjórar táningsstúlkur úr Keflavík hljómsveit. Þær vantaði krassandi nafn og bar þá svo til að systir einnar kunni sitthvað úr þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar. Til varð bandið Kolrassa krókríðandi, eftir samnefndri sögu um hina ráðagóðu Helgu sem lék á risann í fjöllumum.

Áfram mætti benda á minni og önnur teikn um það hvernig þjóðsögurnar og ævintýrin, sem Jón Árnason skráði og gaf út, lifa enn með fólkinu í landinu, í málverkum, höggmyndum og annarri list, í allri okkar menningartengdu ferðabjónustu þar sem við viljum gjarnan hampa sérstöðu og sérstökum þjóðarafi. Þá eru aðeins nokkur ár síðan þekktustu þjóðsögurnar voru gefnar út á nýjan leik, gagngert handa almenningi.

Á sinn hátt birtast sumar þeirra líka utan landsteinanna; hinn enski J. R. R. Tolkien, höfundur Hringadróttinssögu og sagnanna um hobbitana, heillaðist til dæmis af norrænum sagnarfi og kvaðst öfunda aðrar þjóðir, ekki síst Íslendinga, sem ættu annað eins ógrynni sagna og ævintýra.

Gott og vel en gleymum þó ekki hinu alþjóðlega samhengi, að margar okkar þjóðsagna eiga systur og bræður í öðrum löndum og við þurftum á sinni tíð dálitla hvatningu að utan til þess að varðveita þær, skilja menningargildi þessa alþýðuarfs. Að lokum segi ég því þetta um þjóðsögur okkar og þá söfnun, sem Jón Árnason og Magnús Grímsson hófu og Jón er svo þekktur fyrir: Fátt lýsir eins vel þeim sterka streng sem þarf til að binda saman hið þjóðlega og hið alþjóðlega þannig að úr verði menning, lifandi og sönn. Á sínum tíma orðaði Sigurður Nordal það svo að tvennt varðaði öfluga og sjálfstæða þjóð mestu, „að standa djúpum rótum í fornum jarðvegi en vera þó umburðarlynd og næm á nýjar hugsjónir“.

Þessi orð eru enn í góðu gildi. Við skulum halda upp á þjóðsögur okkar, þennan menningararf okkar, efla hann og styrkja – ekki verja eins og brothættan ættargrip sem verði að umgangast af lotningu og nærgætni heldur greiða götur nýrra kynslóða inn í þessa heillandi veröld með nýjum og hugmyndaríkum útgáfum og miðlunarleiðum. Sama gildir um tungumálið sjálft, það mál sem forfeður okkar og -mæður mæltu á, það mál sem Jón Árnason eflaði með útgáfu síns þjóðsagnasafns. Á öðrum vettvangi hef ég vitnað í lýsingu Málfríðar Einarsdóttur á rustum á baðstofuloftinu, körlum sem sproksettu alla sem töluðu ekki kórrétt að þeirra þröngsýna mati. Þau varnaðarorð eru kröftug en innilegri og einlægari er þessi ástarjátning Málfríðar til íslenskrar tungu: „Það verður lakara að glata þessu máli, sem mér finnst svo gaman að, að ég get verið daglangt að virða fyrir mér eina vísu orta fyrir þúsund árum eða lengri tíma.“

Ágætu áheyrendur: Ég þakka forystusveit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Skagabyggðar og Skagastrandar fyrir að standa að þessu málþingi og heiðra þannig minningu og lífsstarf Jóns Árnasonar. En nú læt ég staðar numið.

Áttu börn og buru,  
grófu rætur og murur;  
smérið rann,  
roðið brann,  
sagan upp á hvern mann,  
sem hlýða kann;  
brenni þeim í kolli baun,  
sem ekki gjalda mér sögulaun  
fyrir í dag en á morgun.  
Köttur úti í mýri  
setti upp á sér stýri,  
úti er ævintýri.